



Reglur um niðurgreiðslu vegna vistunar barna hjá dagforeldrum

1.gr.

Bæjarstjórn Sveitarfélagsins Voga samþykkir að niðurgreiða, mánaðarlega í ellefu mánuði á ári, fjárhæð vegna vistunar barna í Sveitarfélagini Vogum hjá dagforeldrum. Niðurgreiðsla er samkvæmt gjaldskrá Sveitarfélagsins Voga hverju sinni.

2.gr.

Skilyrði fyrir niðurgreiðslu vegna daggæslu barna í heimahúsum:

- Barn eigi lögheimili í Sveitarfélagini Vogum og forsþáraðili hafi lokið fæðingarorlofi.
- Barn það sem niðurgeitt er fyrir skal vera á biðlista eftir leikskóladrvölk.
- Dagforeldri hafi starfsleyfi samkvæmt reglugerð um daggæslu barna í heimahúsum nr. 907/2005
- Staðfesting á leyfi dagforeldris fylgi umsókn um niðurgreiðslu sé dagforeldri með starfsemi sína í öðru bæjarfélagi en Sveitarfélagini Vogum.

3. gr

Sérstök viðbótarniðurgreiðsla er greidd vegna barna eldri en 18 mánaða. Viðbótarniðurgreiðslur eru samkvæmt gildandi gjaldskrár Sveitarfélagsins Voga hverju sinni.

4. gr

Niðurgreiðsla greiðist til dagforeldis samkvæmt samningi. Skilyrði fyrir niðurgreiðslu er að staðfesting á vistunartíma af hálfu dagforeldris.

5. gr

Tekjulágir foreldrar geta sótt um aukaníðurgreiðslu. Auka niðurgreiðsla er háð mánaðartekjum síðustu þriggja mánaða. Auka niðurgreiðslur þarf að sækja um sérstaklega og þurfa umsækjendur að leggja fram afrit af skattaskýrslu síðasta árs auk yfirlits yfir tekjur síðustu þriggja mánaða, þ.m.t. launasedla, tryggingabætur, lífeyrissjóðsgreiðslur, atvinnuleysisbætur og fjárhagsaðstoð. Aukeniðurgreiðslur eru greiddar samkvæmt gildandi gjaldskrá Sveitarfélagsins Voga hverju sinni.

6. gr

Niðurgreiðsla sem veitt er á grundvelli rangra eða villandi upplýsinga er ætíð endurkræf. Heimilt er að draga upphæð, sem fengin hefur verið með slíkum hætti, frá næstu niðurgreiðslu.

Reglur þessar voru samþykktar í freðslunefnd 23.10.2023 og staðfestar í bæjarstjórn 29.11.2023.



Gunnar Axel Axelsson, bæjarstjóri

